



REGLUR UM STYRKI TIL NÁMS-, VERKFÆRA- OG TÆKJAKAUPA FATLAÐS FÓLKS

1. Kafli

Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er heimilt að veita fötluðu fólki aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

- Styrki til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
- Styrki til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki, að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína á að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- sótt sér menntun
- viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.


2. gr. Réttur til þjónustunnar

Einstaklingar 18 ára og eldri, með lögheimili á þjónustusvæðum Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, sem búa við andlega eða líkamlega fötlun og þurfa sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar geta sótt um styrk samkvæmt reglum þessum.

Styrkveitingu er ætlað að stuðla að virkni í viðum skilningi. Styrkir koma þó hvorki í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

Forsenda fyrir að umsókn sé tekin til meðferðar er að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt og skal umsækjandi leggja fram gögn sem staðfesta þau. Séu gögnin ekki fullnægjandi er umsókninni vísað frá og fær umsækjandi 3 vikur til að afla umbeðinna gagna. Taka skal tillit til þess ef umsækjandi vísar á réttargæslumenn, aðstandendur eða aðra persónulega talsmenn varðandi gagnaöflun.

- Styrkur vegna starfsemi (verkfæra og tækjakaupa) skapi viðkomandi atvinnutækifæri.
- Fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða á námskeið.
- Líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.



- Sýna skal fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin og renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir s.s. sjóðir stéttarfélags umsækjanda, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og hvort nám sé lánshæft samkvæmt lögum og úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

2. Kafli

Afgreiðsla og úthlutun

3. gr.

Afgreiðsla og mat umsókna

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki samkvæmt reglum þessum seinnihluta árs ár hvert. Auglýsingin skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um aðferð við úthlutun. Auglýsa skal á heimasíðum sveitarfélaganna og í landshlutablöðum.

Umsækjendur sækja um styrkinn til félagsþjónustu lögheimilissveitarfélagsins síns. Starfsmenn félagsþjónustunnar veita umsækjendum aðstoð við umsóknir auk þess veita þeir leiðbeiningar um réttindi sem umsækjandi kann að eiga annars staðar. Umsóknir eru afgreiddar af verkefnahópi BsVest ekki síðar en 8 vikum eftir að umsóknarfrestur er liðinn og fá umsækjendur rökstutt skriflegt svar við umsókn sinni. Synjun, frávísun eða verulega skert úthlutun frá því sem vænta mátti er rökstudd sérstaklega í afgreiðslubrési, auk þess sem veittar eru leiðbeiningar um málskots rétt.

Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn eru:

- Staðfest ljósrit af síðasta skattframtali.
- Kvittun fyrir námskeiðs/skólagjöldum eða tækjakaupum eða greinargóð kostnaðaráætlun.
- Staðfesting á varanlegri örorku.
- Síðasti greiðsluseðill frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt öðrum launaseðlum ef við á.
- Staðfesting á að umsækjandi eigi ekki rétt á öðrum styrkjum.
- Greinargerð umsækjanda þar sem fram kemur ástæða umsóknar, hvort umsækjandi hafi rétt á öðrum styrkjum, til hvers á að nota styrkinn og annað sem umsækjandi vill taka fram.
- Aðrir styrkir á árinu.

Upphæð styrks er metin út frá:

- Heildarúthlutunarfé hvers árs.
- Kostnaði.
- Gagnsemi námskeiðs/tækja fyrir umsækjanda.
- Möguleikum á öðrum styrkjum eða lánnum s.s. námslánnum.
- Aðstæðum umsækjanda er varðar fötlun hans og þörf á félagslegri endurhæfingu.



4.gr Úthlutun á styrkjum

Námskeiðs- og skólagjöld innanlands:

Greitt er að hámarki kr. 60.000,- en aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.

Nám erlendis:

Greitt að hámarki kr. 100.000,- en aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.

Tölvukaup:

Greitt að hámarki kr. 120.000,- en aldrei hærra en 75% af útlögðum kostnaði.

Til fjölfatlaðra er styrkurinn að hámarki kr. 175.000,- en aldrei hærri en 75% af útlögðum kostnaði.

Verkfæra og tækjakaup:

Greitt að hámarki kr. 200.000,- en aldrei meira en 75% af kostnaði.

Styrkur skal greiddur samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir greiðslu á námi og/eða tækjum. Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggur staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok. Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á þriggja ára fresti.

Styrkurinn skal greiddur inn á persónulegan reikning umsækjanda samkvæmt framangreindri staðfestingu eða kvittun fyrir kaupum, til dæmis þannig að sýnt sé fram á að aðstoðin sé einstaklingsbundin og að styrkurinn renni ekki til lögaðila.

5. gr. Auglýsing

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki samkvæmt reglum seinnihluta árs, umsóknarfrestur er 30. dagar frá því auglýsing birtist. Auglýsingin skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og um úthlutunarreglur. Auglýsa skal á heimasíðum sveitarfélaganna og í landshlutablöðum.

6.gr. Endurkröfur

Styrkir sem veittir eru á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eru að öllu jöfnu endurkræfir. Sama gildir ef þeir eru nýttir í annað en umsókn gerði ráð fyrir. BsVest áskilur sér rétt til að endurkrefja viðkomandi um fjárhæð úthlutaðs styrks með vísan til almennra reglna kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

7. gr. Málskot

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið ákvörðun BsVest til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst ákvörðunin.

8. gr. Gildistími og endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.



**Byggðasamlag
Vestfjarða**
um málefni fatlaðs fólks

Samþykkt af stjórn BsVest

Dagsetning og staður

Pétur G Markan formaður

Daníel Jakobsson

Arna Lára Jónsdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Baldur Smári Einarsson

Ingibjörg Benediksdóttir



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks